

**Aðalfundur Delta Kappa Gamma á Íslandi haldinn í Salnum í Kópavogi sunnudaginn 11.maí
kl. 10-12.15.**

Dagskrá aðalfundar:

Árný Elíasdóttir forseti Delta Kappa Gamma setti fundinn og þakkaði fundargestum ánægjulega samveru á afmælishátíð Landssambandsfundar degi áður.

a) Kosning fundarstjóra:

Fundarstjóri var kjörin Iðunn Antonsdóttir, Lambdadeild. Iðunn tók undir orð Árnýjar um gleðistundir afmælishátíðar, þakkaði traustið sem fundarstjóri og kveikti á kertum: vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

b) Kosning tveggja fundarritara

Kosnir fundarritarar voru Soffía Vagnsdóttir og Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir.

c) Minningarorð um konur sem hafa látist á liðnu tímabili 2023-2025.

Málfríður Þórarinsdóttir formaður Alfadeildar og fyrsti varaforseti Delta Kappa Gamma flutti minningarorð.

1. Pálína Agnes Snorradóttir félagi í Epsilondeild lést 15. júní 2023, 86 ára að aldri. Pálína var stofnfélagi Epsilondeildar.
2. Þóra Unnur Kristinsdóttir, félagi í Alfadeild lést 29. apríl 2024, 93 ára að aldri.
3. Gyða Bergþórsdóttir félagi í Deltadeild lést þann 4. ágúst 2024, 95 ára að aldri. Gyða var stofnfélagi Deltadeildar.
4. Pálína Jónsdóttir, félagi í Gammadeild lést 7. október 2024, 100 ára að aldri. Pálína var stofnfélagi Gammadeildar. Hún var tvívegis forseti landssambandsins og Landssambandið heiðraði hana 2011.
5. Anna Kristjánsdóttir, stofnfélagi í Alfadeild lést þann 9. apríl 2025, tæplega 84 ára að aldri.
6. Jakobína Guðmundsdóttir, félagi í Alfadeild lést þann 12. apríl 2025, tæplega 100 ára að aldri.

Félagar í Delta Kappa og Gamma minnst þessara látnu heiðurskvenna með virðingu og þökk.

d) Skýrsla stjórnar

Árný Elíasdóttir, forseti 2023-2025, flutti skýrsluna.

Árný gerði grein fyrir breytingu á samsetningu stjórnar á tímabilinu þar sem Steingerður Kristjánsdóttir, Lambdadeild, 1. varaforseti hvarf frá en Málfríður Þórarinsdóttir, Alfadeild 2. varaforseti kom í stað hennar og Vilborg Ása Bjarnadóttir, Jótadeild, ritari tók við af Málfríði. Við starfi ritara tók Ásta Egilsdóttir úr Deltadeild.

Greint frá starfi stjórnar

- **Stjórnarfundir:** Alls voru haldnir 16 stjórnarfundir á tímabilinu. Stjórnin notaði eigin Facebooksíðu, *Rauðar rósir* á FB til samskipta og einnig Google umhverfið fyrir skjöl og vinnslu gagna.
- **Framkvæmdaráðsfundur** haldinn 02. september 2023
- Þar var rætt um gildi og hugtakið *Umhyggju* og hvernig DKG gæti hugað betur að fjölbreytileika og inngildingu, hvernig mætti vinna að því að gera samtökin sýnilegri í íslensku samfélagi og að samtökin láti enn meira að sér kveða.
Forseti kynnti síðan tillögu stjórnar að framkvæmdaráætlun:
 1. Könnun meðal félaga.
 2. Samtökin verði sýnilegri í íslensku samfélagi.
 3. Samtökin láti sig menntamál enn meiru varða og menntamálnefnd hafi forystu um hvernig að því verður staðið.
- **Könnun:** Fyrsta verkefni landssambandsstjórnar var að leggja fyrir könnun til félagskvenna. Um 40% þátttaka var í könnuninni. Niðurstöður voru almennt jákvæðar. Í könnun var spurt hvort konur vildu hafa landssambandsþing annað hvort ár en einnig vorráðstefnu annaðhvort á. Meirihluti kvenna var sammála því að báðir viðburðir skyldu haldnir. Það fór þó svo að einungis 10% skráning var á vorþing vorið 2024 og var því ákveðið að fella ráðstefnuna niður. Stjórn tekur því undir rúmlega 40% þeirra kvenna sem töldu að nægilegt væri að halda landssambandsþing annað hvort ár, að nægilegt sé að halda slíkan viðburð annaðhvort ár.
- **Heimsóknir:** Forseti heimsótti alls tíu deildir á tímabili sínu og lýsti hún ánægju sinni af heimsóknum sínum.
- **Framkvæmdaráðsfundur 7. September 2024**
Hefðbundin yfirferð á starfi landssambandsstjórnar og línur lagðar fyrir næsta starfsár. Kynning á námsstyrkjum sem félagskonur gera sótt um hér heima og til alþjóðasambands. Áminning til formanna um félagatalið og mikilvægi þess að breytingar kæmust til skila. Ákveðið var að bæta starfsstöð inn í félagatalið og að nefna síðasta vinnustað hjá þeim sem komnar eru á eftirlaun. Því næst fór vefstjóri í gegnum ákveðin atriði á vef dkg.is Síðan var undirbúningur fyrir afmælisárið kynntur.
- **Afmæli:** Formaður afmælisnefndar var Jóna Benediktsdóttir. Nefndin lagði áherslu á að hafa gaman og setti fram fjórar tillögur. Markmið þeirra allra var að vekja athygli á samtökunum. Tillögur nefndar voru eftirfarandi:

Samtökin standi fyrir ráðstefnu til að efla konur með því að:

- a) Að gefa út afmælisrit.
- b) Að gera eitthvað samfélagslegt.
- c) Að heiðra konur innan samtakanna.
- d) Að semja afmælisöng.

Stjórn ákvað að framkvæma allar tillögurnar. Sigrún Jóhannesdóttir var fengin til að leiða útgáfu afmælisrits. Einnig var rætt um að deildir gætu sameinast um verkefni. Ákveðið var að halda landssambandsþingið í Reykjavík vegna afmælisráðstefnunnar.

- **Samfélagsleg verkefni DKG:** Lagt var til að sett verði af stað samfélagsleg verkefni í deildum á afmælisári og/eða að slík verkefni verði þráðurinn í starfi deilda og deildir gætu sameinast um verkefni. Athygli var vakin á að tvær til fjórar deildir á ári geta sótt um styrk að upphæð 100.000.- til stjórnar til að halda ráðstefnur eða fundi í heimabyggð. Einnig er hægt að sækja um styrki til alþjóðasambandsins
- **Menntasjóður mæðrastyrksnefndar:** Guðríður Sigurðardóttir, formaður Menntasjóðs Mæðrastyrksnefndar, kynnti starfsemi sjóðsins sem byggir alfarið á sjálfböðastarfi og frjálsum framlögum. Sjóðurinn var stofnaður árið 2012 og er tilgangur hans að veita menntunarstyrki til tekjulágra kvenna. Framkvæmaráð lýsti yfir stuðningi við tillögu stjórnar um styrk/stuðning við sjóðinn í tilefni 50 ára afmælis og fól stjórn að útfæra það frekar. Stjórnin samþykkti síðar að færa sjóðnum 350.000 styrk og hvetja félagskonur til að styrkja sjóðinn með kaup á kertum sem seld eru árlega í maímánuði.
- **Félagatal:** Núverandi fjöldi félagskvenna sem hafa greitt árgjald er 350
- **Yfirlit yfir starf nefnda:**
 1. **Námstyrkjanefnd.** Nefndin veitti upplýsingar um styrki sem sótt var um í námsstyrkjasjóð og lagði til við stjórn tillögu um styrkhafa þessa tímabils. Upplýsingar um styrkhafa voru veittar síðar.
 2. **Félaga- og útbreiðslunefnd.** 15 nýjar konur voru teknar inn í samtökin á síðasta tveggja ára tímabili en 6 konur létust. Stærsta verkefni nefndarinnar á þessu ári var að sjá til þess að allar upplýsingar um stjórnir og deildir væru réttar. Laganefnd. Fór yfir hvaða breytingar þyrfti að gera á lögum DKG á Íslandi í samræmi við breytingar á alþjóðalögum.
 3. **Laganefnd.** Nefndin sér um að fara yfir lög og allar breytingar á þeim hjá alþjóðasambandinu og tak afstöðu til þeirra og fara yfir orðalag. Undirbúa forsteta fyrir alþjóðáþingið og yfirfara lögin á Íslandi.
 4. **Menntamálanefnd.** Skipulagði ráðstefnu sem síðan var slegin af. Skipulagði einnig afmælisþing og hátíðarkvöldverð. Kom einnig með ýmsar tillögur til að efla samtökin.
 5. **Samskipta- og útgáfunefnd.** Gaf upplýsingar um ýmis efni einsog útgáfu á fréttabréfi samtakanna með reglulegum hætti og fjölbreyttu efni þess
 6. **Uppstillingarnefnd.** Ein tillaga barst uppstillingarnefnd. Farið vel yfir hvaða deildir hefðu haft fastafulltrúa. Undirbúningur fyrir tillögur uppstillingarnefndar.
 7. **Erlent samstarf.** Forseti hefur setið mánaðarlega fundi með Evrópuforsetum. Forseti sótti ámskeið fyrir stjórnendur samtakanna í Dallas í júní 2023 og alþjóðáþing í Washington í júlí 2024. Forseti situr einnig í nefnd sem nefnist World Fellowship Committee. Allt verið forseta gagnlegt og fræðandi. Fleiri konur sitja einnig í alþjóðlegum deildum. Forseti hefur hvatt konur í deildum til að sækjast eftir þátttöku í alþjóðanefndum.
- **Boð:** Forseta Íslands, Höllu Tómasdóttur, hefur verið boðið að gerast heiðursfélagi samtakanna en hún gat því miður ekki þegið boð á afmælishátíð.

Að lokum þakkar forseti þakkar samstarfsskonum í stjórn, starfandi nefndum og móttöku deilda í heimsóknnum hennar innilega fyrir samstarfið.

- **Styrkþegar:** Vilborg Ása Bjarnadóttir, annar landsforseti, fór yfir styrkþega sem hlutu styrki. Tvær umsóknir bárust í námstyrkjasjóð. Annars vegar var það doktorsnemi og hins vegar meistaranemi. Þetta eru þær Bryndís Jóna Jónsdóttir og Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir.

Skýrsla stjórnar borin undir atkvæði og hún samþykkt.

Kaffihlé

e) Reikningar lagðir fram

Ársreikningur 2023-2025.

Björg Eiríksdóttir, gjaldkeri, fer yfir stöðu reikninga og þakkar fyrir afmælihátíðina.

- Félagið er ágætlega stætt fjárhagslega. Því var til að mynda ákveðið að standa veglega að afmælisþinginu og hátíðarkvöldverði. Á reikningi eru til rúmar sjö milljónir króna.

Ársreikningur samþykktur.

f) Árgjald ákveðið

Stjórn leggur til að áfram verði félagsgjöld árlega kl. 10.000.- Fundurinn samþykkir það.

g) Fjárhagsáætlun lögð fram

- Gjaldkeri leggur til að bókhaldið verði einfaldað og liðum verði fækkað. Það er til umhugsunar fyrir næstu stjórn.
- Gjaldkeri leggur fram til samþykktar fjárhagsáætlun fyrir næstu tvö ár.

Fundurinn samþykkir áætlunina.

Sjöfn Sigurbjörnsdóttir leggur til að fært verði til bókar þakkar til Eyglóar Björnsdóttur sem hefur séð um vef samtakanna um langt skeið og þannig haldið okkur saman sem öflugum hópi Delta Kappa Gamma kvenna um land allt. Fundarkonur taka einróma undir það.

g) Kosning forseta landssambands og landsambandsstjórnar

Uppstillingarnefnd.

Formaður Ingibjörg Guðmundsdóttir fór yfir tillögur um forseta, nýja stjórn og uppstillingarnefnd.

Landssambandsstjórn 2025-2027

 Hrund Logadóttir, Alfadeild, forseti
 Vilborg Ása Bjarnadóttir, Jótadeild. 1. varaforseti
 Hólmfríður Árnadóttir, Þetadeild 2. varaforseti

Ingileif Ástvaldsdóttir, Mýdeild, ritari

Sigríður Heiða Bragadóttir, Etadeild, meðstjórnandi.

Uppstillingarnefnd 2025-2027

Guðrún Edda Bentsdóttir, Kappadeild, formaður

Árný Elíasdóttir, Gammadeild

Birna Sigurjónsdóttir, Lambdadeild

Skoðunarmenn reikninga 2025-2027

Hanna Halldóra Leifsdóttir, Gammadeild

Iðunn Antonsdóttir, Lambdadeild

h) Lagabreytingar:

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir fór yfir tillögur að breytingum á íslensku lögunum til samræmis við breytingar sem gerðar hafa verið á alþjóðalögum. Ingibjörg bar breytingartillögur undir fundinn sem samþykkti breytingarnar samhljóða.

Að lokum steig nýkjörin stjórn á svið, hver og ein ávarpaði fundinn og síðan afhenti Ingibjörg Elsa þeim öllum rauða rós.

Síðan var fráfarandi stjórn kölluð á svið og fékk hver og ein rauða rós með kærum þökkum fyrir starfið og stjórn félagsins síðastliðið tímabil.

Þá var Eygló Björnsdóttir vefstjóri kölluð á svið og henni þökkuð mikilvæg störf í þágu félagsins um langa hríð.

Fráfarandi forseti, Árný Elíasdóttir, sleit fundi kl. 12:15.

Fundarritarar voru Soffía Vagnsdóttir, Kappadeild og Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir, Nýdeild.